

Staðartunguháls 480 m hár

Ekið er eftir þjóðvegi 1 fram hjá Þelamerkurskóla og áfram þar til komið er að gatnamótum inn í Hörgárdal (vegur 815 yfir Hörgá). Ekið áfram, beygt til vinstri (vegur 814 Myrká), ekið yfir gamla brú á Hörgá og áfram vegslóða til suðurs í átt að skógræktinni. Hægt er að leggja bílum við veginn utan við ristarhlið á skógræktargirðingunni, óþarfti að fara inn fyrir hliðið.

Leiðin er ekki stikuð en hægt að komast hvaða leið sem er upp á hrygginn. Fyrst er gengið upp um kjarrivaxna hóla og síðan komið á hrygginn og gengið áfram upp melinn þar til þið finnið Paulakassann.

Mjög gott útsýni er yfir Hörgárdalinn og hliðardalina. Sama leið gengin til baka.

Vegalengd samtals 5 km og gönguhækkun 385 m.